

Nd.

57. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið á sinn fund dr. Finn Guðmundsson, sem veitti margvíslegar upplýsingar um málið.

Flestar þær breytingar, sem frv. gerir á gildandi lögum, virðast sjálfsgæðar. Rýmkað er verulega á hömlum á baráttu gegn grágæs, sem valdið hefur bændum vaxandi tjóni. veiði svartfugls á snórufleka er bönnuð. Veiðitíma fugla er breytt hvað nokkrar tegundir snertir, en reglur gerðar einfaldari en áður.

Þá er gert ráð fyrir breyttum baráttuaðferðum gegn svartbak og lagt til, að lög um eyðingu hans verði úr gildi felld, en reglugerðir samkvæmt þessum lögum komi í staðinn. Færa vísindamenn fram sannfærandi rök fyrir því, að svartbak verði ekki eytt með skotum, og telja þeir opinberu fé illa varið til verðlauna á því sviði. Hins vegar sé hægt að beita öðrum ráðum, sem lýst er í greinargerð frumvarpsins.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún gerir tillögu um á öðru þingskjali.

Alþingi, 2. nóv. 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, með fyrirvara.
Einar Olgeirsson.	Björn Fr. Björnsson.	Sigurvin Einarsson, með fyrirvara.
	Óskar E. Levy, með fyrirvara.	